



Starfsáætlun Skógræktarfélags Mosfellsbæjar 2022

2. mars 2022

Gróðursetningarnefnd

Formaður nefndarinnar: Albert Skarphéðinsson

Eins og árið 2021 er stefnt að því að 30 trjám sé plantað fyrir hvert selt tré. Í jólatrjáasölunni 2021 voru seld um 700 tré og ættum við því að gróðursetja um 21.000 tré í ár. Þeim fækkar nú svæðunum þar sem hægt er að fara í nýskógrækt innan Mosfellsbæjar og því mikilvægt að fara að huga að nýjum svæðum til gróðursetninga. Dæmi um svæði sem hægt væri að skoða varðandi nýgróðursetningu eru Helgafell austanvert, Skógarbringur ofan Laxness og Úlfarsfell frá Skarhólum að Skyggni. Þó þarf einnig að leggja áherslu á íbætur.

Áframhald verður á árinu 2022 á samstarfi Kolviðar, Skógræktarfélags Mosfellsbæjar og Mosfellsbæjar um verkefnið á Mosfellsheiði. Niðurstaða verkefnisins liggur nú fyrir og verður þessari vinnu fylgt eftir á árinu.

Umhirðu- og útivistarnefnd

Formaður nefndarinnar: Bjarki Þór Kjartansson

Efni úr skóginum í Hamrahlíð verður notað til að klæða nýja aðstöðu félagsins við Skarhólabraut að utan. Grisja þarf talsvert í gömlum reitum til að safna efni í klæðninguna, en einnig þarf að fletta efni sem er nú staðsett að Grásteinum. Það mun fara eftir því hvernig verkefninu við nýtt aðstöðuhús félagsins vindur fram hvort hafist verði handa við efnisöflun í húsið á árinu 2022.

Jólatrjáanefnd

Formaður nefndarinnar: Kristín Davíðsdóttir

Eins og áður er talsverð vinna við skipulag og framkvæmd jólatrjáasölnunar og mun það verða þannig eftir sem áður enda um að ræða einu eiginlegu tekjulind félagsins. Stefnt er að því að bæta torgrjám á sölulista félagsins á komandi árum og huga að sértækri umhirðu/undirbúningi í því skyni. Í fyrsta sinn í fyrra fékk Mosfellsbær torgré frá Skógræktarfélagi Mosfellsbæjar og mun félagið nú útvega bænum tré hér eftir.

Mannvirkja- og tækjanefnd

Formaður nefndarinnar: Ívar Örn Þrastarson

Fyrstu drög að teikningum aðstöðuhúss félagsins liggja fyrir. Gefin hafa verið út mæli- og hæðarblöð og hefur félagið fengið þau í hendur. Óskað var eftir aðkomu bæjarins að fjármögnun verkefnisins og voru send drög að samningi milli Mosfellsbæjar og Skógræktarfélagsins þann 22. október 2019. Verið er að leggja lokahönd á samning milli aðila. Ef gengið verður frá samningi fljótlega verður hægt að ýta þessu verkefni úr vör. Stefnt er að því að verkefnið verði unnið á þremur til fjórum árum. Reikna má með að mikil vinna, orka og fjármagn muni fara í þetta verkefni af hendi félagsins og stjórnar þess.

Viðburðanefnd

Formaður nefndarinnar: Björn Traustason

Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands verður haldinn dagana 2. – 4. september 2022 í Hlégarði. Byggt verður á allri þeirri vinnu sem fram fór við skipulagningu aðalfundarins sem fyrst átti að halda 2020 en var frestað og svo aftur 2021. Aðalvinnan mun því verða að kalla saman þá sem munu taka þátt í fundinum og að undirbúa húsnaði og svæði fyrir fundinn, ásamt því að panta veitingar.

Búið var að ákveða svæðin sem verða heimsótt og eru þau Hamrahlíð, fyrirhugað aðstöðusvæði við Skarhólabraut og Meltúnsreitir. Mikilvægt er að laga aðkomu í Hamrahlíð, en gerð var lagfæring á stíg síðasta sumar sem genginn verður á fundinum og var það unnið fyrir styrk frá Landgræðslusjóði.

Líf í lundi verður haldið 25. júní og mun Skógræktarfélag Mosfellsbæjar halda þennan dag hátíðlegan í góðu samstarfi við Mosfellsbæ.

Upplýsinganefnd

Formaður nefndarinnar: Hrefna Hrólfsdóttir

Haldið verður áfram að þróa og bæta heimasíðu félagsins.

Fjármálanefnd

Formaður nefndarinnar: Gísli Jón Magnússon

Ávaxta þarf sjóði félagsins með tryggum hætti en passa að fjármunir séu ekki í bundnum sjóðum þegar framkvæmdir hefjast á aðstöðu félagsins. Gert er ráð fyrir að tekjur af jólatrjáasölu verði um 5 milljónir króna, almennir styrkir verði um 1 milljón króna og samningsbundið framlag frá Mosfellsbæ verði um 400 þús, auk stuðnings bæjarins við aðalfund Skógræktarfélags Íslands.

Til að standa straum af uppbyggingu aðstöðunnar er gert ráð fyrir að Mosfellsbær styrki verkefnið en auk þess á að sækja styrki til fyrirtækja, stofnana og sjóða til að fjármagna verkefnið. Félagið mun ekki taka nein lán vegna þess.

Samskipta- og skipulagsnefnd

Formaður nefndarinnar: Björn Traustason

Ganga þarf frá fjármögnun vegna nýrrar aðstöðu félagsins og verður þá næsta skref að skrifa undir samning milli Skógræktarfélagsins og Mosfellsbæjar.

Heiða og Ingibjörg munu koma talsvert að þeim verkefnum sem eru fyrirhuguð á árinu 2022 og þá helst varðandi undirbúning aðalfundar Skógræktarfélags Íslands.